



Reykjavík, 18. mars 2021

R21030152

6631

ívs

## Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

### ***Hólmsheiði - 2. áfangi - deiliskipulag***

Á fundi borgarráðs þann 18. mars 2021 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 11. mars 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 10. mars 2021 á kynningu á lýsingu að deiluskipulagi fyrir Hólmsheiði, ásamt fylgiskjölum..

Borgarráð samþykkti erindið.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fram kemur í gögnum að á þessu svæði á að fella lóðir, byggingarreiti og götur að landi og náttúrulegum staðháttum og taka á tillit til ræktaðra svæða. Mikill skógor er á svæðinu. Ræktun á svona svæðum, svo sem græna treflinum sem myndar umgjörð um borgina og skilgreinir mörk útmerkur og þéttbýlis, þarf að hugsa sem borgargarða en ekki náttúrulega vist. Einnig er álitamál hvort mikilvægt sé að halda í núverandi gróður. Uppstaða ríkjandi gróðurs er útplöntun trjáa á síðustu áratugum. Gróðurfar er ekki stöðugt og vel getur verið að allt annað gróðurfar sé betra en það sem nú er á svæðinu. Vel má því skipuleggja svæðið án tillits til núverandi gróðurs. Úrkomumagn skiptir litlu máli fyrir lífsgæði á svæðinu, úrkomutímarnir skipta meira máli. Litlu skiptir hvort það rignir 5 eða 10 mm á klst. Tíminn er sá sami.

Helga Björk Laxdal  
e.u.